

Reykjavík 8.6.2020

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna - 150. löggjafarþing, 329. mál

Samband íslenskra framhaldsskólanema, hér eftir SÍF, telur að Menntasjóðsfrumvarpið hafi tekið jákvæðum breytingum frá fyrstu drögum. SÍF getur þó ekki litið framhjá því að ekki sé nýtt tækifærið, við heildarendurskoðun lánasjóðsskerfisins, og bóknámsnemum í framhaldsskólum tryggður réttur til fjárstuðnings frá ríkinu líkt og er í þeim löndum sem íslensk stjórnvöld bera sig gjarnan samanvið. Eins og félagið benti á í umsögnum sínum frá [2. desember 2019](#) og [13. janúar 2020](#) telur það að ekki sé nóg að gert í málefnum framhaldsskólanema í frumvarpi til Menntasjóðs námsmanna og er það hér ítrekað ásamt öðrum atriðum.

Bóknámsnemendur í framhaldsskólum

Ef litið er á samantekt Hagstofunnar frá 2018¹ má sjá að það ár unnu 55,6% 17 ára ungmenna á Íslandi samhliða skóla og 70,1% þeirra sem voru á aldrinum 18-25 ára. Telur SÍF þetta sýna og sanna að námsmenn á Íslandi ná ekki að framfleyta sér án þess að vinna samhliða námi, nema fjárhagslegt stuðningsnet þeirra sé þeim mun sterkara. Í því samhengi ítrekar félagið það sem áður hefur verið bent á, að á hinum Norðurlöndunum, [Noregi](#), [Svíþjóð](#), [Finnlandi](#) og í [Danmörku](#) fá framhaldsskólanemar fjárhagsstuðning frá lánasjóði viðkomandi lands, lán og/eða styrki, ekki eingöngu jöfnunarstyrki líkt og þekkist hér á landi heldur styrki til að stunda nám, óháð búsetu og námsleið (bóknám/iðnnám).

SÍF vill sjá að stjórnvöld geri ekki greinarmun á því hvaða námsleið ungt fólk velur sér og að allir framhaldsskólanemendur, iðnnemar og nemar í námi til stúdentsprófs, eigi rétt á fjárhagslegum stuðningi frá ríkinu.

Félagið telur fullvíst að slíkur stuðningur myndi draga úr brottfallstölum nemenda sem eru þær hæstu á Norðurlöndunum og hærrí en meðaltal í Evrópu líkt og kemur fram í skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar². Þar segir jafnframt að muninn megi að einhverju leyti rekja til ólíks stuðnings [leysis] sem kalli á að íslenskir nemendur neyðist til að vinna meira með skóla til að fjármagna nám og framfærslu.

Framfærslan

Í umsögn sinni frá 2. desember gerir SÍF athugasemdir við að ekki sé nógu skýrt hvernig stjórn sjóðsins eigi að tryggja námsmönnum nauðsynlega framfærslu. Í álit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar kemur fram að meirihlutinn telur að ekki sé þörf á að skylda stjórn sjóðsins til að endurskoða grunnframfærslu framfærslulána, heldur einungis

¹ [Börn á íslenskum vinnumarkaði](#) (tafla 4)

² <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1180241/FULLTEXT01.pdf> (bls.90)

veita henni heimild til að endurskoða hana. Þetta þýðir að ekki sé tryggt að grunnframfærslan sé í takt við breytingar samfélagsins. SÍF telur það þurfa að koma skýrt fram í frumvarpinu hvernig stjórn sjóðsins á að tryggja nauðsynlega framfærslu námsmanna, svo þeir þurfi ekki að leita til vinnumarkaðarins eða annað til að framfleyta sér á meðan á námi stendur.

Fyrirkomulag námsstyrks

Meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar leggur ekki fram breytingartillögu þess efnis að námsmenn eigi rétt á að niðurfellingu höfuðstóls námlánsins, að hluta eða öllu leyti, skipti þeir um námsleið. SÍF harmar það og telur frumvarpið takmarka tækifæri nemenda til að finna hvert þeir vilja stefna í framtíðinni. Nemendur þurfa svigrúm til að finna sína hillu í lífinu og mögulega prófa mismunandi námsleiðir til þess. SÍF telur réttara væri að veita nemendum þetta svigrúm og koma til móts við þá sem skipta um námsleið t.d. með 15% niðurfellingu höfuðstóls fyrir þær annir sem lokið er með lánshæfum árangri.

Vaxtakjör

SÍF gerði alvarlegar athugasemdir við afnemun vaxtaþaksins þegar drög að Menntasjóðsfrumvarpinu litu dagsins ljós og fagnar nú að meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar hafi lagt til vaxtahámark og það samþykkt af Alþingi. Félagið tekur þó undir athugasemdir annarra námsmannahreyfinga og nefndarálit 2. minni hluta um að vaxtaþakið hefði mátt vera lægra.

Í umsögn sinni frá 5. desember, tók SÍF undir ábendingu LÍS um að Menntasjóðurinn bjóði upp á aðgengilega aðstoð fyrir námsmenn. Félagið lítur jákvæðum augum á að meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar taki fram að tryggja þurfi aðgengi námsmanna að skýrum upplýsingum hvað varðar sjóðinn og þjónustuna sem hann mun bjóða upp á.

Lánsréttur

SÍF harmar að meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar hafi ekki komið til móts við kröfum námsmanna hvað varðar lánsréttinn. Félagið ítrekar það sem kom fram í fyrri umsögn að námsmenn hafi ítrekað kallað eftir hærri námsrétti undanfarin ár og þykir SÍF það miður að fallið hafi verið frá því sem var að finna í fyrstu drögum frumvarpsins sem lagt var fyrir sumarið 2019 (þá *Stuðningssjóður íslenskra námsmanna*), þ.e.a.s. að lánsréttur námsmanna skuli vera 420 ECTS einingar eða ígildi þeirra í stað þess að ekki megi mæla fyrir um lægri lánsrétt en 420 ECTS eininga eða ígildi þeirra.

Starfsnám

SÍF furðar sig á því hvers vegna meiri hluti allsherjar- og menntamálanefndar hafi ekki lagt til breytingar á ákvæðum er varða starfsnám framhaldsskólanema. Félagið benti á óskýrleikann sem finna má í frumvarpinu og telur félagið hann enn til staðar þrátt fyrir einhverjum atriðum hafi verið breytt.

Ósamræmi


Í greinargerð með **7.gr.** frumvarpsins segir að leitast sé við að skilgreina betur orðið sérnám og því hafi þess vegna verið skipt út fyrir orðið starfsnám. Í **1.lið**, **14.gr.** um Niðurfelling á hluta námslána við námslok, segir hinsvegar „Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag iðn-

starfs- og aðfaranáms kveður á um“. Þarna gætir misræmis í orðanotkun, annars vegar einungis starfsnám og hinsvegar iðn- og starfsnám.

Aðrar athugasemdir

Að lokum vill Samband íslenskra framhaldsskóla lýsa yfir vonbrigðum sínum með hversu litla áherslu og lítinn áhuga þingmenn hafa sýnt framhaldsskólanemum við gerð og umræðu frumvarpsins og bendir á hið augljósa, að Menntasjóði námsmanna verður ætlað að þjónusta bæði menntastigin, háskólanema og framhaldsskólanema...þó stór hluti nemenda síðaranefnda skólastigsins virðist vissulega ekki talinn fullgildir námsmenn eins og frumvarpið lítur út núna.

Fyrir hönd Sambands íslenskra framhaldsskólanema,



Jóhanna Steina, forseti SÍF